

um að stöðva útvarps- og sjónvarpsrekstur í herstöðvum Bandaríkjamanna hérlendis.

Flm.: Jónas Árnason, Einar Olgeirsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að stöðva nú þegar útvarps- og sjónvarpsrekstur í herstöðvum Bandaríkjamanna hérlendis.

Greinargerð.

Fyrir nokkrum árum fluttu flm. hér á Alþingi þingsályktunartillögu um að fela ríkisstjórninni að stöðva rekstur bandarísku útvarpsstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli; tillagan kom aldrei úr nefnd.

Um þær mundir höfðu gerzt þau tíðindi í siðferðismálum á Íslandi, að af hálfu ríkisstjórnarinnar hafði verið sett blátt bann við orðinu dans í tilkynningum íslenskra útvarpsins, og er því banni enn framfylgt af einurð og festu. Vakti bannið á sínum tíma mikla athygli, enda ljóst, að þeir, sem að því stóðu, töldu sig hafa mjakað þjóðinni drjúgan spöl nær því marki að verða siðferðislega hólpin. — Í greinargerð, sem fylgdi nefndri tillögu, sagði meðal annars:

„Þó er hér því miður sá galli á, að eins og stendur virðist vafasamt, að siðferði þjóðarinnar frelsist í einum saman tilkynningum íslenskra útvarpsins. Auk hins íslenska er nefnilega starfrækt í landinu útvarp erlendra manna, og þessum erlendu mönnum virðist síður en svo í mun að hægja orðinu dans né öðrum þvílíkum gleðskap frá hljóðnema sínum, þvert á móti virðist þetta vera þeim hugstæðara umtalsefni en flest annað

Bandaríkjamenn hófu starfrækslu útvarpsstöðvar sinnar á Keflavíkurflugvelli árið 1951, og nú er svo komið, að meginþorri ungs fólks hér í Reykjavík og nágrenni hlustar að staðaldri á dagskrá þessarar stöðvar, en sinnir lítt sem ekki dagskrá hinnar íslensku. Þarf ekki langa rannsókn til að uppgötva þennan sannleik. Þar sem skólafólk situr saman í frístundum sínum, er hermannaútvarpið meðal hinna vinsælli umtalsefna. Komi maður í verksmiðju eða á annan fjölmennan vinnustað, eru allar líkur til, að á móti manni hljómi tónar þess. Á sjoppum og öðrum skyldum veitingastöðum glymur það frá morgni til kvölds. Sá helmingur íslensks æskufólks, sem dvelst hér í Reykjavík og nágrenni, er undir stöðugum áhrifum frá dagskrá bandarísku útvarpsstöðvarinnar, en ber sig yfirleitt fremur illa, þegar fyrir kemur, að viðtæki er stillt á íslenska ríkisútvarpið í áheyrn þess.

Hugsandi menn munu gera sér grein fyrir því, hver alvara er á ferðum, þegar útlendingar hafa náð slíkum tókum á andlegu viðhorfi æskunnar. Afleiðingar þessa fyrir íslenskt þjóðerni mundu vera ærið háskalegar, jafnvel þó að til sémilegrar menningar mætti teljast, en eins og málinu raunverulega háttar, er ekki ofsagt, að hér sé um að ræða alvarlega hættu. Það næsta, sem hermannaútvarpið kemst góðri menningu, er ein eða tvær sífóniur á sunnudögum; þess á milli er dagskráin að mestu skipuð andlausum vaðli í orðum og tónum, en þó fyrst og fremst fátallegum leikþáttum, þar sem rás viðburðanna lýsir sér einkum í dýnkjum þeim og hvellum, sem verða, þegar fólk er slegið hnefahögg í andlit eða skotið til bana. Er ekki einu sinni svo vel, að hlustendur geti af þessu numið sér til gagns hina göfugu ensku tungu, því að orðsins list rís þarna yfirleitt ekki upp fyrir slanguryrði götunnar.

En á meðan æskulýður okkar elst upp í þessu andrúmslofti, starfar íslenska útvarpið af hátiðleik og festu með fornsagnalestur og erindi gáfaðra manna, sem tákn þess, að við séum sérstök menningarþjóð. Og stjórnarvöldin eru á verði: orðið dans hefur til dæmis verið bannað í tilkynningum þessarar ágætu stofnunar — og banninu framfylgt skilyrðislaust af virðingu fyrir lögum og reglum.

Séu nú hins vegar útvarpslög athuguð nokkru nánar, kemur í ljós, að þar stendur m. a. þetta: „Ríkisstjórnin hefur einkarétt til að reka útvarp á Íslandi.“ Það kemur sem sé upp úr dúrnum, að ríkisstjórnin fullnægir ekki fyrirmælum viðkomandi laga með því að banna orðið dans í tilkynningum íslenskra útvarpsins, heldur skal hún einnig gæta þess, að engum öðrum en henni sjálfri haldist uppi að reka hér útvarp.“

Ofanskráðar röksemdir eru enn í gildi, og þeim mun meira gildi sem lengri tími er nú liðinn við áhrif hermannaútvarpsins. En hér við bætist það, að nú hafa Bandaríkjamenn einnig hafið rekstur sjónvarpsstöðvar á Keflavíkurflugvelli. Sendikraftur þeirrar stöðvar á flugvelli er að vísu ekki mjög mikill, en þó virðist hann ná yfir svipað svæði og kraftur sjálfrar útvarpsstöðvarinnar, enda munu orðin talsverð brögð að því, að fólk hér við Faxaflóa verði sér úti um sjónvarpsviðtæki til þess að geta notið hinnar handrísu menningarstarfsemi í þessu nýja formi.

Þeir, sem annast úthlutun lóða, segja t. d., að stundum biðji menn sérstaklega um þær lóðir, sem liggja hátt, með það fyrir augum að tryggja sem besta aðstöðu í þessum efnum. Það er nefnilega nauðsynlegt, að sem minnst af Íslandi beri á milli hihýla manna og hinnar bandarísku herstöðvar, ef menn eiga að hafa full not dýrðarinnar. Þannig munu viss hverfi í Reykjavík liggja sérlega vel við áhrifum frá Keflavíkurflugvelli, og er sagt, að t. d. við Ægissíðu, þar sem orðið mun sérlega mikið um sjónvarpsviðtæki, séu móttökuskilyrðin hin ágætustu.

Ekkert skal um það fullyrt, hvort þetta hefur þegar spillt til mikilla muna menningarástandinu á þessum slóðum, en með vaxandi útbreiðslu sjónvarpsviðtækja eykst spillingarhættan, enda má telja eðlilegt, að æskulýðurinn heillist af þessari nýjung, og þar sem það mun samdóma álit þeirra, sem til þekkja, að enda þótt bandarísk útvarpsstarfsemi sé á lágu menningarstigi, þá sé þó menningarstig bandarískrar sjónvarpsstarfsemi enn þá lægra, má öllum vera ljóst, hver alvara er á ferðum.

Gagnvart Alþingi skiptir það þó ef til vill mestu máli, að öll þessi starfsemi er ólögleg. Að vísu mun ríkisstjórnin á sínum tíma hafa látið þáverandi útvarpsstjóra gefa út heimild handa bandaríska setuliðinu til útvarpsrekstrarins á Keflavíkurflugvelli, en þó með því skilyrði, að sendikraftur útvarpsstöðvarinnar takmarkaðist við herstöðina. Um efndir þess skilyrðis tala framanskráð dæmi sínu máli. Á æðri stöðum mun einnig litið svo á, að sú gamla heimild gildi líka um hina nýju starfsemi, sjónvarpið! Eftir því sem flutningsmenn tillögunnar hafa komizt næst, hefur bandaríska setuliðinu sem sé ekki verið gefin nein sérstök heimild til að reka sjónvarpsstöðina.

Loks er þess að geta, að Bandaríkjamenn hafa fært út kvíarnar með útvarpsstarfsemi sína. Flm. er kunnugt, að um eins árs skeið hafa þeir starfrækt útvarpsstöð í herstöð sinni austur á Stokksnesi, og nær sendikraftur hennar all víða um sveitir á Suðausturlandi. Til þessarar útvarpsstarfsemi hafa Bandaríkjamenn enga heimild fengið, svo að kunnugt sé, nema svo sé á litið, að heimildin til útvarpsrekstrar á Keflavíkurflugvelli gildi fyrir allar herstöðvar þeirra hérlandis. En hve langt verður þess þá að biða, að þeir hefji einnig útvarpsstarfsemi á Langanesi austur og í Aðalvík vestur? Eða m. ö. o.: Má ekki gera ráð fyrir, að ef fram heldur sem nú horfir, verði bandaríski herinn innan skamms búinn að spenna um allt Ísland útvarpsnet, sem geri honum fært að hella hinum sérstæðu menningaráhrifum sínum yfir allan íslenskan æskulýð?

Það hlýtur að vera hlutverk Alþingis að bægja þessum ófögnuði frá.